

GOLFKLÚBBUR MOSFELLSBÆJAR

Golfklúbbur Mosfellsbæjar

# Skýrsla stjórnar starfsárið 2023

Aðalfundur 4. Desember 2023

## Rekstur GM

Rekstur GM gekk vel á árinu líkt og undanfarin ár. Þó hefur verðbólga og hækkanir á aðföngum á árinu haft þau áhrif að rekstrarkostnaður er hærri og afborganir á langtímalánum hafa aukist. Þessar hækkanir gera það að verkum að niðurstaða ársins er rekstrartap upp á rúmar 8 milljónir. Reksturinn er þó stöðugur og góður og hreint veltufé frá rekstri er rétt tæpar 45 milljónir króna.

## Starf stjórnar

Á aðalfundi í nóvember 2022 var stjórn kjörin en hana skipa:

*Kári Tryggvason – Formaður*
*Andrea Jónsdóttir - Varaformaður*
*Steinþór Pálsson – Gjaldkeri*
*Írunn Ketilsdóttir – Ritari*
*Arna Rún Kristjánsdóttir – Meðstjórnandi*
*Siggeir Kolbeinsson – Meðstjórnandi*
*Guðjón Karl Þórisson – Meðstjórnandi*

Haldnir voru 11 formlegir og bókfærðir stjórnarfundir á árinu og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala milli stjórnarfólks.

## Vallarsvæðin

Síðastliðið vor var ansi erfitt veðurfarslega séð og hafði það mikil áhrif á golfvellina og þá vinnu sem okkar vallarstarfsfólk sinnti í vor. Bakkakotið kom virkilega vel undan vetri og var opnað fyrir spil þar þann 13. maí. Við opnuðum svo fyrir spil á Hlíðavelli þann 18. maí. Hlíðavöllur þurfti smá tíma til að ná sér á strik eftir erfitt vor en var orðinn glæsilegur fljótlega. Við sjáum það í okkar könnunum sem og könnun sem GSÍ lætur gera fyrir sig annað hvert ár að okkar félagar voru ánægð með vallarsvæðin. Við höldum áfram að leggja okkur fram við að hafa okkar vallasvæði eins góð og hægt er og leggjum mikinn metnað í þá vinnu.

Alls voru leiknir 68.663 hringir í sumar sem er talsverð aukning í leiknum hringjum á vallarsvæðum GM sem er mjög ánægjulegt. Júlí og ágúst mánuðir voru sérstaklega góðir veðurfarslega séð og mikið spil. Í þessum tveimur mánuðum voru rétt tæplega 19 þúsund hringir leiknir á Hlíðavelli og 15.000 hringir í Bakkakoti. Líkt og áður þá skiptum við Hlíðavelli upp í tvo níu holu velli í september og hefur það mælst mjög vel fyrir.



# Félags og íþróttastarf.

Félags og íþróttastarfið okkar gengur vel og erum við ávallt að sjá fleiri og fleiri kylfinga taka þátt í okkar starfi.

Íþrótta og afreksstarfið okkar hefur gengið virkilega vel og í ár eignuðumst við 8 Íslandsmeistara, sem er sami fjöldi og árið 2022. Við erum virkilega stolt af þessum árangri hjá okkur og við ætlum okkur svo sannarlega að halda þessu áfram. Í skýrslu íþróttastjóra sem kemur hér á eftir er farið yfir okkar helstu sigra og árangur í sumar.



Við erum með öfluga og góða kvennanefnd sem stendur fyrir skemmtilegum viðburðum vikulega yfir sumartímann og þáttaka í því starfi hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár að fullyrða að það hafi gengið vonum framar.

Starfið hjá okkur fyrir kylfinga 65 ára og eldri og heldur áfram að eflast og er virkilega gaman að fylgjast með því hversu vel gengur þar. Miðvikudagar eru þeirra dagar og þá er hist og haft gaman. Yfir sumarmánuðina er spilað golf á okkar völlum ásamt því að fara í heimsóknir á aðra golfvelli. Yfir vetrarmánuðina er einnig öflug og góð dagskrá. Þá er

spilað hermagolf, púttað, félagsvist, bingó, fróðlegir og skemmtilegir fyrirlestrar ásamt ýmu öðru.

Nánar er farið í þetta hér aftar í skýrslunni þar sem finna má skýrslu kvennanefndar og öldunganefndar.

## Félagafjöldi

Félögum í GM fjölgaði á árinu og taldi í lok sumars 2.264 meðlimi.

Gerðist það í sumar að klúbburinn okkar fylltist og er það í fyrsta sinn. Það er einnig farinn að myndast talsvert langur biðlisti og ljóst að eftirspurnin er að aukast talsvert.

Á myndunum hér að neðan má sjá hvernig félagar í GM skiptast á milli kynja, aldurshópa og forgjafar.

**Virk eftir kyni og forgjafarhópi** *

| Forgjafarhópur | Kona | Karlar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Hópur 1: Lægri en 4,5 | 15 | 45 | 60 |
| Hópur 2: 4,5-11,4 | 14 | 132 | 146 |
| Hópur 3: 11,5-18,4 | 31 | 260 | 291 |
| Hópur 4: 18,5-26,4 | 64 | 387 | 451 |
| Hópur 5: 26,5-36,0 | 156 | 249 | 405 |
| Hópur 6: 37-54 | 422 | 489 | 911 |
| **Samtals** | 702 | 1562 | 2264 |

**Virk eftir kyni og aldurshópi** *

| Aldurshópur | Kona | Karlar | Samtals |
|---|---|---|---|
| 0-6 ár | 6 | 11 | 17 |
| 7-12 ára | 83 | 157 | 240 |
| 13-18 ára | 71 | 184 | 255 |
| 19-24 ára | 15 | 108 | 123 |
| 25-39 ára | 39 | 313 | 352 |
| 40-59 ára | 260 | 429 | 689 |
| 60-69 ára | 161 | 217 | 378 |
| 70 ára og eldri | 67 | 143 | 210 |
| **Samtals** | 702 | 1562 | 2264 |

## Starfsmenn GM

Starfsmenn GM á árinu voru 45 þegar mest lét nú í sumar. 12 starfsmenn eru í heilsársstarfi í 11,5 stöðugildum.

*Ágúst Jensson, framkvæmdastjóri*
*Dagur Ebenzarson, íþróttastjóri*
*Bjarni Þór Hannesson,Yfir vallastjóri*
*Katrín Dögg Hilmarsdóttir, PGA kennaranemi,*
*Grétar Eiríksson, PGA golfþjálfari*
*Pétur Leó Hrannarsson, vélamaður*
*Felix Starke, vallarstjóri Hlíðavelli*
*Óli Þór Júlíusson, vallastjóri Bakkakoti.*
*Andri Ágústsson,PGA kennaranemi*
*Hlín Hlöðversdóttir, skrifstofa.*
*Kolbrún Hreiðarsdóttir, Garðyrkjufræðingur*
*Sigurður Geirsson, Vallareftirlit og golfdómari.*

Umsvif GM hafa aukist umtalsvert síðastliðin tvö ár, þessari aukningu fylgir einnig umtalsvert meiri vinna fyrir okkar starfsmenn og höfum við því fjölga heilsársstöðugildum sem og sumarstarfsfólki síðastliðin tvö ár. Í ár bættist við garðyrkjufræðingur í fullt starf hjá okkur. Við viljum viðhalda góðu þjónustustigi fyrir félagsmenn ásamt því að vera með golfvelli í fremstu röð á Íslandi.

## Veitingasala

Í desember í fyrra var samið við GGG veitingar ehf, sem eru þeir Ágúst Reynisson, Grétar Matthíasson og Guðlaugur Frímannsson um reksturinn á Blik. Hafa þeir félagar mikla og góða reynslu af rekstri veitingastaða. Reksturinn hefur gengið vel og okkar kylfingar verið duglegir að setjast niður fyrir eða eftir hring í klúbbhúsinu okkar.  Við erum virkilega ánægð með þær breytingar sem farið var í á þessum tíma í fyrra á salnum og það er mjög gaman að sjá hversu vel reksturinn á Blik gengur núna. Það var nokkur óánægja með veitingarnar í Bakkakoti í sumar og skiljum við það vel. Við höfum á undanförnum vikum verið að vinna í því að fá þar inn sterkan aðila til þess að standa vaktina og sjá til þess að þar sé allt eins og það á að vera. Góðar veitingar og góð þjónusta. Við höfum náð munnlegu samkomulagi við aðila sem er með mikla reynslu í rekstri veitingastaða og hefur m.a. annars séð um veitingasölu á golfvelli áður. Við munum opinbera þetta fljótlega og er það okkar von að með þessu sé Bakkakotið komið í góðar hendur og enginn verði svikinn af þeirri þjónustu og þeim mat sem þar verður.

# Hlíðavöllur og Bakkakot – framtíðarhorfur.

Í skýrslu stjórnar frá því í fyrra var komið inn á það að árið 2010 vann Edwin Roald fyrstu tillögu að breytingum á fyrri 9 holum Hlíðavallar sem fólu í sér að fara inn með hestagerðinu norðan megin við 5. braut og í austur. Með þessu móti gætum við lagt niður brautir 2. 3. og 4. í núverandi mynd. Hugmyndin er svo að setja lítinn æfingavöll þar sem núverandi brautir 2. og 3. eru og þeim breytt í  nokkrar par 3 holur brautir/æfingasvæði til afnota fyrir Mosfellinga sem og alla okkar meðlimi. Þegar fyrir lá að byggð myndi rísa á gamla æfingasvæðinu var nauðsynlegt að færa 4. flöt og 8. teiga norðar til að beina höggum frá íbúðarbyggðinni. Einnig var lega 4. brautar öll slegin meira í norð / vestur. Þessar breytingar sem gerðar hafa verið koma samt ekki í veg fyrir að boltar geta lent á íbúðarbyggð sem nú er risin, enda eru því miður dæmi um það.

Við höfum undanfarið ár unnið í því að fá þetta landsvæði undir golfvöll sem og fjármagn frá Mosfellsbæ til þess að snúa vellinum. Það er mikil þörf á því þar sem hús við Súluhöfða fá talsvert mikið af boltum í sig og getur talsverð hætta skapast við það.

Við höfum þegar óskað eftir því að fá þetta svæði sem er ca 5 hektarar af stærð og sent inn tillögu ásamt kostnaðaráætlun upp á 55 milljónir króna til Mosfellsbæjar. Höfum við fengið góðar undirtektir og við vonumst eftir því að þetta gangi upp og við getum þá farið í framkvæmdir í vor. Á myndinni hér að neðan má sjá drög að því hvernig völlurinn verður spilaðar fyrst um sinn ef af verður að samkomulag náist.



Á myndinni hér fyrir neðan má svo sjá hvernig völlurinn verður spilaðar eftir að hann verður fullkláraður. Þetta eru frumdrög og það gæti ýmislegt breyst en þetta er hugmyndin eins og hún er í dag.




Ef af þessu verður mun Hlíðavöllur verða einn af allra bestum völlum landsins og uppfylla helstu skilyrði til þess að halda hér stórmót. Einnig mun aðstaða til æfinga stórbatna þar sem fyrirhugað er að byggja lítill 6 holu golfvöll ásamt pútt og vippflötum á því svæði sem önnur og þriðja brautin eru á í dag.

Framkvæmdir við breytingar á Bakkakoti hófust í sumar. Við náðum því miður ekki að klára það sem við ætluðum okkar þar sem veðurskilyrði í byrjun sumars voru okkur afar óhagstæð. En það er óhætt að fullyrða það að nýju tvær brautirnar sem verið er að byggja er glæsilegar og munu stórbæta völlinn. Þær verða kláraðar í maí/júní á næsta ári og við gerum ráð fyrir því að spila inn á þær um mitt sumar 2025. Á efri myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig fyrsta brautin lítur út séð frá fremri teigum. Neðri myndin er svo yfirlitsmynd af því hvernig völlurinn mun spilast eftir að framkvæmdum líkur sem við gerum ráð fyrir að verði sumarið 2027.

Í vor var farið af stað í það að byggja sólskóla á pallinum við klúbbhúsið okkar. Það náðist því miður ekki að klára það í sumar vegna óviðráðanlegra aðstæðna. En við erum svo heppinn að eiga góða að sem ætla að stíga inn og klára þetta með okkur í vetur.





Bakkakot Golf Course - Draft Layout Plan
Hole 1
236m
Par 4
Hole 2
274m
Par 4
Hole 3
269m
Par 4
Hole 7
136m
Par 3
Hole 8
236m
Par 4
Hole 9
85m
Par 3
Mackenzie & Ebert
Scale 1:2000@A3

# Inniaðstaðan.

Í síðustu viku tókum við í notkun þrjá nýja Trackman golfherma og bjóðum við því upp á fimm golfherma í okkar aðstöðu. Þetta mun skipta sköpum fyrir barna og unglingastarfið okkar sem og afreksstarfið. Við vonumst líka svo sannarlega eftir því að þið kylfingar góðir eigið eftir að nýtja þessa frábæru aðstöðu okkar til þess að viðhalda sveiflunni yfir vetrarmánuðina. Það er óhætt að fullyrða að í dag er golf orðin heilsársíþrótt og aðstaðan sem við höfum í okkar íþróttamiðstöð til fyrirmyndar.




# Skýrsla vallanefndar

Ekki er hægt að segja annað en starfsárið sem er að ljúka hafi einkennst af miklum sveiflum í veðri og má segja að það hafi verið tekið hressilega vel á móti nýjum vallarstjóra, Bjarna Þór Hannessyni.  Við gátum haldið Hlíðavelli opnum fram í desember í fyrra en þá líka skall á mikill og harður frostakafli.  Hann var m.a. það harður að klakkinn í jörðu mældist yfir 100 cm þar sem mest var sem er mjög sjaldgæft á okkar svæðum.  Í kjölfar frostakaflans komu þurrir og kaldir vormánuðir sem gerðu það að verkum að vellirnir okka opnuðu mjög seint.  Sumarið kom svo með látum um mitt sumar

og eru júlí og ágúst með betri mánuðum í langan tíma. Haustið var svo milt og gott þó svo ein og ein haustlægð hafi aðeins strítt okkur.

Opnun okkar útisvæði dróst mikið vegna þessa kalda vors. Æfingasvæðið opnaði 6. Maí, Bakkakot opnaði 13. Maí og Hlíðavöllur var opnaður 18. maí. Þetta er gott merki um hvað veturinn og vorið voru skrítin þar sem Bakkakot hefur hingað til alltaf opnað viku seinna en Hliðarvöllur en meiri snjór yfir vellinum inni í dal hjálpaði Bakakoti mikið. Mikið álag var á vallarstarfsmönnum að ná að opna vallarsvæðin á þessum tíma og í kjölfarið að koma þeim í almennilegt ástand. Það gilti í vor eins og á alltaf að gilda að vellirnir njóta vafans.

Ástand vallanna okkar batnaði jafnt og þétt eftir opnun og þegar hitinn í júlí og ágúst kom urðu vellirnir með besta móti og vellirnir vel nýttir. Mikilvægi vökvunarkerfis á seinni hluta Hlíðarvallar kom skýrt í ljós þegar á reyndi því hefur haustinu m.a. verið varið í að koma vatni inn á fyrri hluta vallarins svo hægt sé að setja upp sjálfvirkt vökvunarkerfi þar. Búið er að koma fyrir sjálfvirkum úðastútum í fyrstu og aðra flöt, ásamt tengingum fyrir 1. teig þegar þetta er skrifað. Lagnir eru svo klárar til að tengja 2. teiginn inn á kerfið.



Það er mikill metnaður hjá vallarstarfsmönnum og vallarnefnd að halda völlunum í eins góðu ástandi og kostur er hverju sinni ásamt því að breyta og bæta vallarsvæðunum og umhverfi þeirra. Nokkur áberandi verkefni voru í gangi í sumar m.a. voru sett upp ný númer á teigana á Hlíðarvelli ásamt nýjum teigmerkjum. Báðir þessir hlutir breyta ásýnd vallarins og hafa hlotið almennt lof gesta. Í vor var skipt út vökvunarstútum í æfingateignum og flötum. Stútar sem settir voru niður á sínum tíma voru af annarri gerð en þeir sem voru út á velli og var því ekki hægt að hafa þá á sama stjórnkerfi. Ákveðið var að færa þá stúta upp í Bakkakot, og setja sömu tegund af stútum og voru út á velli í

æfingasvæðið. Sú aðgerð heppnaðist vel og hjálpaði mikið í þurrkunum í júlí og ágúst. Þessi aðgerð sparaði einnig töluverðan pening í nýframkvæmdunum í Bakkakoti. Samtals voru tengdir 72 úða stútar í ár á báðum völlum.

Í Bakkakoti var hafist handa síðasta haust að breyta vellinum og voru nýjar brautir, teigar og flatir mótaðar. Í vor átti svo að hefjast handa við að flytja efni inn á svæðið og klára mótun þess. Ekki tókst það nú vel þar sem klaki í jörðinni hélt vatni á svæðinu svo engin tæki gátu farið um og ekki bætti úr einn blautasti maí mánuður frá upphafi mælinga. Tafðist allt verkið þar af leiðandi um tvo mánuði.



Engu að síður tókst að klára að móta fyrstu brautina og flöt að mestu leiti og byggja fremri teig. Teigar á annarri holu voru byggðir og braut mótuð að flöt. Vökvunarkerfi var lagt í báðar brautir, þrjá teiga og fyrstu flöt ásamt drenskurðum í flatir og á blautum svæðum á fyrstu braut. Lögð var ný stofnlögn fyrir vökvunarkerfið frá veituskúr, ásamt nýjum kalda og heitavatns lögnum fyrir golfskálann. Að auki nýttum við tækifærið með alla þessa opnu skurði og létum við leggja ljósleiðara í golfskálann. Næsta vor verður svo klárað að byggja aðra flötina og fyrsta teiginn ásamt frágangs vinnu í kringum svæðið. Sú vinna ætti ekki að taka meira en 2 vikur á nýju ári og þá verða holurnar klára í sáningu. Gert er ráð fyrir að holurnar verði opnaðar fyrir leik snemma árs 2025.



Eins og flestir vita sem hafa spilað Hlíðarvöll geta brautir 16. og 17. verið dálítið blautar. Það dren sem lagt hefur verið í gegnum tíðina hefur ekki haft undan því vatnsmagni sem kemur úr mýrinni hinum megin við klettana. Eftir að vellinum var lokað núna í haust hófst vinna við að bæta drenið á þessum brautum.

Vélakostur klúbbsins hefur batnað mikið síðustu misserin þó staðan sé þannig að við eigum aðeins í land með að vera komin með þann vélaflota sem tryggir okkur þá afkastagetu og stöðuleika sem þarf á jafn mikið notuðu íþróttamannvirki. Rafmagnið hefur hafið innreið sína og eigum við nokkra robota ásamt því að vinnubílar og nýja flatarsláttuvélin gengur fyrir rafmagni. Þetta er vegferð sem klúbburinn tekur mjög alvarlega og er hluti af sjálfbærni vottun GEO sem klúbburinn hlaut um daginn. Öll ný tæki sem keypt verða inn fyrir klúbbinn munu verða rafknúin eins og kostur er.

Fyrir utan þessi verkefni sem talin eru upp hér fyrir ofan hafa mörg önnur minni verk verið framkvæmd og sem hjálpa til við að koma völlunum okkar á hærra stig Jafnframt hafa starfsmenn unnið hörðum höndum við að slá gras og viðhalda völlum og tækjum á árinu.

Vallarnefnd þakkar öðrum félagsmönnum og starfsmönnum klúbbsins fyrir ánægjulegt samstarf og hlakkar til að takast á við ný verkefni á nýju ári.

F.h vallanefndar

Einar Már Hjartarson

# Skýrsla kvennanefndar

Kvennastarf GM hefur verið öflugt á árinu og vel sótt, enda GM konur orðnar 700 talsins. Margar GM konur stíga sín fyrstu skref í golfi með því að mæta í kvennagolfið sem er frábær leið til að kynnast öðrum konum í golfi, mynda tengsl, læra golfreglurnar og hafa umfram allt gaman saman.

Starfið hófst með púttmótaröð í febrúar sem stóð yfir í 10 vikur þar sem hist var á miðvikudögum. Þátttakan var mjög góð og tóku um 50 konur þátt í púttmótröðinni. Mikil og góð stemming skapaðist í kringum púttkvöldin og hittust konur gjarnan fyrir púttið í mat og drykk á Blik og áttu skemmtilega kvöldstund saman.

Kvennanefndin stóð fyrir vorfagnaðinum“ Vertu velkomið golfsumarið 2023” í maí þar sem tekið var á móti 150 konum á Blik og skálað fyrir komandi golfsumri. Þar bauð varaformaður GM Andrea Jónsdóttir konur velkomnar, Davíð Baldur golfdómari fór yfir helstu golfreglurnar og kvennanefndin kynnti öfluga sumardagskrá GM kvenna.

Fastur liður GM kvenna er að spila saman alla þriðjudaga yfir sumarið eða frá maí – ágúst. Mikil aðsókn var í þriðjudagsspil GM kvenna og til að mæta eftirspurn þarf að skoða hvort lengja þurfi spilatíma með fjölgun kvenna í GM. GM konur fá tíma frá kl. 17-18 á þriðjudögum en í upphafi sumars er tíminn lengri eða frá kl. 17-18:30. Spilað er mest í Bakkakoti eða þrisvar sinnum á móti einu skipti á Hlíðarvelli.



GM konur stóðu fyrir fjölmörgum skemmtilegum mótum í sumar sem voru mjög vel sótt. Helstu mót voru:

Texas mót – opnunarmót

Vinkvennamót með Leyniskonum – spilað á Hlíðarvelli og Garðavelli

Pilsa- og hattamót

Spottamót

Gulur bolti

Haustferð á Hamarsvöll og lokahóf sumarsins á Blik

Skráning í þriðjudagsgolfið og mót sumarsins fer fram í gegnum golfboxið. Allar nánari upplýsingar um GM kvennastarfið er að finna á facebook síðunni „GM konur“ og eru allar félagskonur hvattar til að fylgjast með kvennastarfinu þar.

Kvennanefndin 2022-2023 skipuðu Bára Einarsdóttir, Björk Jóhannsdóttir, Kolbrún Ýr Árnadóttir og Rakel Ýr Guðmundsdóttir.

Kvennanefndin 2023-2024 skipa Kolbrún Klara Gísladóttir, Kolbrún Ýr Árnadóttir, Rakel Lind Ragnarsdóttir, Rakel Ýr Guðmundsdóttir og Þóra Hermannsdóttir Passauer.



# 65+ KYLFINGAR

Á vordögum 2022 var stofnuð nefnd til að vinna að eflingu starfsemi 65+ kylfinga klúbbsins. Vildi klúbburinn með því stuðla að bættri andlegri og líkamlegri heilsu og betri félagstengingu eldri kylfinga GM.

Óhætt er að segja að starfsemi GM 65+ hafi síðan vorið 2022 blómstrað. Hópurinn hefur eigin FB síðu og telja meðlimir þar 250 manns og á hverjum viðburði eru þátttakendur á bilinu 50 – 70 manns.

Með hliðsjón af markmiðum GM bauð klúbburinn hópnum aðgang að aðstöðu félagsins alla miðvikudagsmorgna. Dagarnir eru vel nýttir og metnaðarfull dagskrá í gangi alla miðvikudaga sumar, vetur, vor og haust.

Á sumarmánuðum er annar hver miðvikudagur notaður til keppni í mótaröð GM 65+ og aðrir notaðir í leiki á heimavöllum eða farið í vinaferðir á nágrannavelli. GKG og GM 65+ settu af stað mjög vel heppnað vinamót klúbbanna þar sem spilað var heima og úti. Á Hlíðavelli voru 94 ræstir út af öllum teigum í einu og komust færri að en vildu.



Sumarið endaði með „Ömmu- og afadegi“ í Bakkakoti. 65+ snillingarnir buðu barnabörnum og yngri kylfingum GM að spila saman og var endað í grillpartýi eftir hring. Svo vel tókst til að allir sem einn óska eftir endurtekningu þessa dags að ári.




Vetrardagskrá er einnig fjölbreytt með þó nokkrum föstum dagskrárliðum eins og; upphitun með fettum og brettum, púttmótaraðir, golfhermakennsla og -mót. Síðan er breytileg dagskrá þar sem boðið er upp á fræðsluerindi með fjölbreyttu efni tengt lýðheilsu eldri borgara, golfkennslu, félagsvist, bingó og verkefnavinna þar sem hópurinn saman metur stöðuna og vinnur meðal annars með tillögur nýrra viðburða.



Það er gaman að segja frá því að á árinu fengu GM 65+ snillingarnir 100.000 kr. styrk frá U.M.S.K fyrir uppbyggilegt lýðheilsustarf fyrir eldri borgara og var það mikill heiður og hvatning fyrir áframhaldandi uppbyggingu.

Mikil gleði og þakklæti eru hjörtum okkar sem störfum í GM 65+ nefndinni. Þakklæti til klúbbsins, skrifstofufólks og þjálfara sem hafa stutt við bakið á okkur, verið okkur innan handar nánast hvenær sem er og leiða okkur og styðja áfram veginn.

Að lokum viljum við þakka öllum okkar flottu 65+ snillingum fyrir frábæra þátttöku og stuðning. Það er ekki sjálfgefið að svo stór hópur nái að mynda slíka einingu og vináttu sem við upplifum í GM 65+. Hver veit nema gildi okkar og leiðarljós séu grunnsteinn þessa?

GILDI OG LEIÐARLJÓS GM 65+ snillinga

1. Virðing
2. Umburðarlyndi
3. Hjálpsemi
4. HÚMOR OG GLEÐI

Kær kveðja formaður GM 65+

Hrefna Birgitta Bjarnadóttir

## Skýrsla mótanefndar

Síðastliðið sumar var að mörgu leyti sérstakt. Við opnuðum golfvellina um miðjan maí og mótanefnd tilbúin til starfa. En fyrstu mánuðir sumarsins voru ansi slæmir veðurfarslega séð og því ansi lítið um mótahald. Þau mót sem átti að halda, þeim var frestað og erfitt að finna nýjar dagsetningar þar sem veðrið skánaði ekkert. Fyrsta mótið sem fram fór var Unglingamóta röð GSÍ í lok maí.

Við náðum sem betur fer að halda Pallaopen um miðjan júní. Það er orðið okkar stærsta mót og það voru 244 golfarar sem mættu og skemmtu sér konunglega á Hlíðavelli ásamt því að styðja við gott málefni. Dagurinn tókst vel og veðrið var bara nokkuð gott. Við söfnuðum rétt um þremur milljónum króna sem renna beint til sumarbúðanna í Reykjadal.

Það er alltaf tilhlökkun þegar að meistaramótið okkar byrjar og við vorum svo heppinn að sumarið mætti í byrjun júlí og veðrið í meistaramótinu var með allra besta móti og varð úr mikil og góð skemmtun sem endaði með frábæru lokahófi í einmuna veðurblíðu.



Önnur mót sem við héldum voru GSÍ mótaröð fullorðinna, Opna Dineout ásamt Alþjóðalega unglingamótinu okkar.

Við vonumst svo sannarlega til þess að veðurfarið verði okkur hagstætt næsta sumar og við þurfum ekki að standa mikið í því að fresta/fella niður golfmót hjá okkur.

Við í mótanefnd, Snorri, Viddi, Helgi og undirritaður þökkum kærlega fyrir sumarið.

Fyrir hönd mótanefndar.

Gísli Karel Eggertsson

# Skýrsla íþróttastjóra



*Kvennasveit GM | Íslandsmeistar golfklúbba 2023*

Árið 2023 var frábært ár fyrir íþróttastarf Golfklúbbs Mosfellsbæjar. Mikil fjölgun var hjá yngstu kynslóðunum eftir vel heppnuð golf- og leikjanámskeið barna í sumar. Aldrei hafa eins margir iðkendur mætt á námskeiðin en haldin voru 7 námskeið og voru 191 iðkandi á þeim yfir sumarið 2023. Enn sjáum við fjölgun á okkar kylfingum á keppnismótaröðum barna og unglinga en einnig á Mótaröð GSÍ.

Þjálfarar í íþróttastarfinu voru Dagur Ebenezersson (Íþróttastjóri) sem tók við af Davíð Gunnlaugssyni í janúar, Grétar Eiríksson, Andri Ágústsson og Katrín Dögg Hilmarsdóttir sem byrjaði árið í hlutastarfi en kom inn í fullt starf í sumar. Samhliða þjálfun í GM eru Andri og Katrín Dögg í PGA golfkennaraskólanum en þau hófu annað árið af þremur í haust.

Alls unnust 8 Íslandsmeistaratitlar og þar ber helst að nefna Íslandsmeistaratitil karla- og kvennasveitar GM í Íslandsmóti golfklúbba og er þetta annað árið í röð sem kvennasveit GM vinnur.

**Íslandsmeistaratitlar 2023**

- Íslandsmeistarar golfklúbba í kvennaflokki
- Íslandsmeistarar golfklúbba í karlaflokki
- Íslandsmeistarar golfklúbba í flokki stúlkna U21
- Íslandsmeistari í höggleik í flokki 17 - 21 árs stúlkna: Sara Kristinsdóttir
- Íslandsmeistari í höggleik í flokki 15 - 16 ára stúlkna: Pamela Ósk Hjaltadóttir
- Íslandsmeistari í höggleik í flokki 12 ára og yngri stúlkna: Eiríka Malaika Stefánsdóttir

- Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 15 - 16 ára stúlkna: Eva Kristinsdóttir
- Íslandsmeistari í holukeppni í flokki 12 ára og yngri stúlkna: Eiríka Malaika Stefánsdóttir

**Stigameistaratitlar 2023**

- Stigameistari 12 ára og yngri stúlkna: Eiríka Malaika Stefánsdóttir
- Stigameistari 15-16 ára stúlkna: Pamela Ósk Hjaltadóttir



*Karlasveit GM | Íslandsmeistarar golfklúbba 2023*

# Meistaramót barna og unglinga



*Verðlaunaafhending í meistaramóti barna og unglinga 2023*

Meistaramót barna og unglinga fór fram dagana 2. - 4. júlí. Börn 12 ára og yngri léku í Bakkakoti en 13-16 ára léku á Hlíðavelli. Góð þátttaka var í mótinu og urðu verðlaunahafar eftirfarandi:

**Drengir 10 ára og yngri**

1. Daníel Tristan Sigurlínarson
2. Brynjar Maack
3. Kristófer Jens K. Sandholt



**Stúlkur 10 ára og yngri**

1. Eiríka Malaika Stefánsdóttir
2. Elva Rún Rafnsdóttir
3. Rakel Þyrí Kristmannsdóttir



**Drengir 11-12 ára**

1. Ásgeir Páll Baldursson
2. Helgi Þór Guðjónsson



**Drengir 13-14 ára**

1. Hjalti Kristján Hjaltason
2. Grétar Logi Gunnarsson Bender
3. Pálmi Þór Kristmannsson



**Stúlkur 13-14 ára**

1. Sara María Guðmundsdóttir
2. Andrea Líf Líndal



**Drengir 15-16 ára**

1. Kristján Karl Guðjónsson
2. Ásþór Sigur Ragnarsson
3. Aron Frosti Davíðsson



**Stúlkur 15-16 ára**

1. Auður Bergrún Snorradóttir
2. Birna Rut Snorradóttir



# Meistaramót GM

Fjölmennasta Meistaramót í sögu GM fór fram í byrjun júlí.

Klúbbmeistarar GM urðu þau Sverrir Haraldsson og Auður Bergrún Snorradóttir og var þetta þeirra fyrsti klúbbmeistaratitill.



*Sverrir Haraldsson og Auður Bergrún Snorradóttir | Klúbbmeistarar GM 2023*

Úrslit í Meistaramóti GM urðu eftirfarandi:

**Meistaraflokkur karla**

1. Sverrir Haraldsson
2. Björn Óskar Guðjónsson
3. Theodór Emil Karlsson

**Meistaraflokkur kvenna**

1. Auður Bergrún Snorradóttir
2. María Eir Guðjónsdóttir
3. Kristín Sól Guðmundsdóttir

**1. flokkur karla**

1. Egill Ásbjarnarson
2. Rafn Jóhannesson
3. Þorsteinn Orri Eyjólfsson

**1. flokkur kvenna**

1. Sara Jónsdóttir
2. Edda Herbertsdóttir
3. Erla Marý Sigurpálsdóttir

**2. flokkur karla**

1. Halldór Ingi Hlöðversson
2. Jón Smári Pétursson
3. Ingvar Ormarsson

**2. flokkur kvenna**

1. Harpa Sigurbjörnsdóttir
2. Harpa Iðunn Sigmundsdóttir
3. Hlín Hlöðversdóttir

**3. flokkur karla**

1. Gísli Óskarsson
2. Baldur Olsen
3. Davíð Júlíusson
3. Bjarni Elís Brynjólfsson

**3. flokkur kvenna**

1. Dagbjört Víglundsdóttir
2. Hrefna Hlín Karlsdóttir
3. Íris Ösp Björnsdóttir

**4. flokkur karla**

1. Haukur Helgi Þorvaldsson
2. Kristján Ingólfsson
2. Finnur Freyr Stefánsson

**4. flokkur kvenna**

1. Helga Steinunn Hauksdóttir
2. Björk Snæland Jóhannsdóttir
2. Ásgerður Hauksdóttir

**5. flokkur karla**

1. Vilhjálmur Þorláksson
2. Davíð Þór Vilhjálmsson
3. Friðrik Már Gunnarsson

**5. flokkur kvenna**

1. Kristín Ösp Þorleifsdóttir
2. Katrín Anna Guðmundsdóttir
3. Elín Sigríður Einarsdóttir

**50+ karlar**

1. Hjalti Pálmason
2. Kári Tryggvason
3. Halldór Friðgeir Ólafsson

**50+ konur**

1. Rut Marsibil Héðinsdóttir
2. Guðný Helgadóttir
3. Stefanía Eiríksdóttir

**65+ karlar**

1. Ásbjörn Þ Björgvinsson
2. Hákon Gunnarsson
3. Gunnar Albert Traustason

**65+ konur**

1. Guðrún Ásgerður Jónsdóttir
2. Rósa G Gestsdóttir
3. Ingveldur Bragadóttir



*Verðlaunahafar í Meistaramóti GM 2023*

# Áskorendamótaröð GSÍ

Áskorendamótaröðin er mótaröð fyrir þau börn og unglinga sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppnisgolfi. Mikið er lagt upp úr því að fylgja okkar yngstu kylfingum vel eftir þegar þau stíga sín fyrstu skref í keppnisgolfi og skipuleggja þjálfarar æfingahringi og fylgja iðkendum eftir á keppnisdögum.

Vegna veður fóru einungis tvö mót fram á Áskorendamótaröðinni í sumar.

Okkar kylfingar stóðu sig með stakri prýði í mótunum og voru sjálfum sér og klúbbnum sínum til mikils sóma.

Framtíðin er björt hjá yngstu kylfingum GM!










nettó


nettó


nettó

# Unglingamótaröð GSÍ

Frábær þátttaka var hjá okkar kylfingum á Unglingamótaröð GSÍ í ár. Alls fóru fram 5 mót og stóðu okkar kylfingar sig afar vel. Í heild unnust sigrar á 11 mótum og fjölmargir kylfingar frá GM náðu verðlaunasætum. Stigameistarar urðu þau Pamela Ósk Hjaltadóttir í flokki 15-16 ára og Eiríka Malaika Stefánsdóttir í flokki 12 ára og yngri. Breytingar voru á flokkakerfinu milli ára en það sem var 17-18 ára flokkur og 19-21 árs flokkur var nú sameinað í 17-21 árs flokk. Einnig var 14 ára og yngri flokkur sameiginlegur en þó var auka keppni fyrir keppendur 12 ára og yngri innan 14 ára og yngri flokks. Sem dæmi vann Eiríka Malaika Stefánsdóttir öll 12 ára og yngri mótin sem fram fóru í sumar á stigamótaröðinni þó hún hafi ekki unnið þau í flokk 14 ára og yngri.

**Unglingamótaröðin (1) | Golfklúbbi Mosfellsbæjar**

***14 ára og yngri kvk***

2. Sara María Guðmundsdóttir

***14 ára og yngri kk***

3. Hjalti Kristján Hjaltason

***15-16 ára kvk***

1. Eva Kristinsdóttir
2. Auður Bergrún Snorradóttir
3. Pamela Ósk Hjaltadóttir

***17-21 árs kvk***

3. Heiða Rakel Rafnsdóttir

**Unglingamótaröðin (2) | GA**

***14 ára og yngri kk***

2. Hjalti Kristján Hjaltason

***15-16 ára kvk***

1. Auður Bergrún Snorradóttir
2. Pamela Ósk Hjaltadóttir

***17-21 árs kvk***

2. Dagbjört Erla Baldursdóttir

**Unglingamótaröðin (3) | GKG**

***15-16 ára kvk***

2. Eva Kristinsdóttir
2. Pamela Ósk Hjaltadóttir

***17-21 árs kvk***

1. Sara Kristinsdóttir

**Unglingamótaröðin (4) | Íslandsmót í höggleik (U14 GR Korpu / 15-21 árs GV)**

***12 ára og yngri kvk***

1. Eiríka Malaika Stefánsdóttir

***13-14 ára og yngri kk***

2. Hjalti Kristján Hjaltason

***15-16 ára og yngri kvk***

1. Pamela Ósk Hjaltadóttir
2. Auður Bergrún Snorradóttir

***17-21 árs kvk***

1. Sara Kristinsdóttir
2. Berglind Erla Baldursdóttir

**Unglingamótaröðin (5) | Íslandsmót í holukeppni GR Grafarholt**

***12 ára og yngri kvk***

1. Eiríka Malaika Stefánsdóttir

***15-16 ára kvk***

1. Eva Kristinsdóttir
2. Auður Bergrún Snorradóttir
3. Pamela Ósk Hjaltadóttir

***17-21 árs kvk***

3. Sara Kristinsdóttir




golf.is




ÍSLANDSMÓT

# Mótaröð GSÍ

Mjög góð þátttaka var hjá GM kylfingum í sumar á mótaröð GSÍ. Okkar kylfingar náðu góðum árangri í mótum ársins en þar ber helst að nefna sigur Kristjáns Þórs Einarssonar í Hvaleyrarbikarnum. Kristján var í öðru sæti á stigalista GSÍ árið 2023.

Árangur GM kylfinga í GSÍ mótum ársins (T10):

**Leirumótið | Mótaröð GSÍ (1) GS**

3. Kristján Þór Einarsson
T5. Kristófer Karl Karlsson

8. Pamela Ósk Hjaltadóttir
T10. Eva Kristinsdóttir

**Mosóbikarinn | Mótaröð GSÍ (2) GM**

4. Kristófer Karl Karlsson
5. Nick Carlson
8. Kristján Þór Einarsson
10. Sverrir Haraldsson

7. Berglind Erla Baldursdóttir
9. Pamela Ósk Hjaltadóttir

**Íslandsmót í holukeppni | Mótaröð GSÍ (3) GB**

T9. Kristján Þór Einarsson
T9. Sverrir Haraldsson
T9. Björn Óskar Guðjónsson

T9. Katrín Sól Davíðsdóttir

**Íslandsmótið í golfi | Mótaröð GSÍ (4) GO**

T4. Ingi Þór Ólafson

T9. Pamela Ósk Hjaltadóttir

**Hvaleyrarbikarinn | Mótaröð GSÍ (5) GK**

1. Kristján Þór Einarsson
T2. Ingi Þór Ólafson
8. Kristófer Karl Karlsson

T10. Heiða Rakel Rafnsdóttir

**Korpubikarinn | Mótaröð GSÍ (6) GR Korpu**

T4. Kristján Þór Einarsson
T8 Kristófer Karl Karlsson

3. Auður Bergrún Snorradóttir
5. Sara Kristinsdóttir
6. Pamela Ósk Hjaltadóttir
10. Birna Rut Snorradóttir





# Íslandsmót golfklúbba

Meistaraflokkar

Íslandsmót golfklúbba fór fram dagana 27. - 29. júlí en karlarnir léku á Jaðarsvelli á Akureyri en konurnar á Hólmsvelli í Leiru. GM átti lið í efstu deild í bæði karla og kvennaflokki en liðin skipuðu eftirfarandi kylfingar:

**Karlar**

Andri Már Guðmundsson
Björn Óskar Guðjónsson
Hjalti Pálmason
Ingi Þór Ólafson
Kristófer Karl Karlsson
Kristján Þór Einarsson
Nick Carlson
Sverrir Haraldsson

Liðsstjóri: Þorsteinn Hallgrímsson



*Ingi Þór í leik á móti Jóhannesi GR*

Mótið fór brösulega af stað hjá karlasveitinni okkar en í fyrsta leik er niðurstaðan tap á móti Golfklúbbi Suðurnesja. Annar leikur er öruggur 5-0 sigur á liði Vestmannaeyja en í þriðju umferð náði sveit GM 3-2 sigri á sveit GR og voru 2 leikir af 5 sem fóru jafnir eftir 18 holur. Þetta var mikilvægur sigur og þýddi þetta að næsti leikur væri undanúrslit á móti GKG. Undanúrslitaleikurinn var spennandi en eftir bráðabana í leik Inga Þórs á móti Sigurði Arnari sem Ingi hafði betur var niðurstaðan 3,5 - 1,5 sigur á liði GKG. Úrslitaleikurinn var á móti heimamönnunum í GA en segja má að ekki hefði geta verið jafnara milli liðanna. Leikurinn sem réði úrslitum var á milli Nick og Veigars sem endaði í bráðabana eftir mikla spennu. Niðurstaðan var sigur karlasveitar GM í Íslandsmóti Golfklúbba í fjórða sinn frá upphafi.



*Nick Carlson og Veigar, GA leika 18. holuna.*



*Áhorfendur í brekkunni á 1. braut Jaðarsvallar að fylgjast með bráðabananum*



*Karlasveit GM 2023 | Íslandsmeistarar golfklúbba*

**Konur**

Arna Rún Kristjánsdóttir
Berglind Erla Baldursdóttir
Eva Kristinsdóttir
Katrín Sól Davíðsdóttir
Kristín Sól Guðmundsdóttir
María Eir Guðjónsdóttir
Nína Björk Geirsdóttir
Sara Kristinsdóttir

Liðsstjóri: Katrín Dögg Hilmarsdóttir

Kvennalið GM kom inn í mótið sem sigurvegarar frá því í fyrra og var það áskorun og fylgdi því einnig ákveðin ábyrgð. Í fyrsta leik mætti GM heimamönnum úr GS og var niðurstaðan 3-2 sigur GM. Leikur tvö var á móti Nesklúbbnum en þar vannst góður sigur GM 5-0. Í þriðja leik var einnig öruggur sigur á liði Keilis 3,5-1,5. Undanúrslitaleikurinn var á móti GKG og lék lið GM frábært golf þar sem GKG náði engum stökum sigri í 4-1 sigri GM (GKG náði 2 hálfum stigum). Svipuð saga var svo á móti GR í úrslitaleiknum en þar var niðurstaðan 4,5 - 0,5 og má segja að sigur GM hafi verið með nokkrum yfirburðum þetta árið.









*Kvennasveit GM 2023 | Íslandsmeistarar golfklúbba*

**Unglingaflokkar**

Íslandsmót golfklúbba í unglingaflokkum er eitt skemmtilegasta mót ársins. Mikil samheldni myndast í þessu móti og er afar gaman að fylgjast með okkar liðum. Fyrir brottför var Hreiðar íþróttasálfræðingur fenginn til að halda fyrirlestur fyrir keppendur um liðsheild og skilaði það sér en góð liðsheild hefur einkennt keppnislið Golfklúbb Mosfellsbæjar árum saman.

Íslandsmót golfklúbba fór fram í 3 flokkum á 3 mismunandi völlum: U21 léku á Selfossi, U16 léku á Hellu og U14 léku á Flúðum. Alls voru 7 keppnissveitir GM í þessum flokkum og stóðu keppendur sig vel á og utan vallar.

Golfklúbbur Mosfellsbæjar fagnaði sigri á Íslandsmóti golfklúbba í flokki 21 árs og yngri í stúlknaflokki. Keppnin var mjög spennandi þar sem að GM sigraði með minnsta mun en Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar varð í öðru sæti og Golfklúbbur Reykjavíkur í því þriðja.



*Stúlknasveit U21 | Íslandsmeistarar golfklúbba 2023*

*Frá vinstri: Berglind Erla Baldursdóttir, Katrín Sól Davíðsdóttir, Kristín Sól Guðmundsdóttir, Sara Kristinsdóttir, Ásdís Eva Bjarnadóttir og Heiða Rakel Rafnsdóttir.*



*Stúlknasveit GM 15-16 ára | 3. sæti*

*Frá vinstri: Gabríella Neema Stefánsdóttir, Auður Bergrún Snorradóttir, Pamela Ósk Hjaltadóttir, Birna Rut Snorradóttir, Eva Kristinsdóttir og Elísa Rún Róbertsdóttir.*




*Stúlknasveit GM U14 | 3. sæti*

*Frá vinstri: Kristín Erla Pétursdóttir, Andrea Líf Líndal, Eiríka Malaika Stefánsdóttir og Sara María Guðmundsdóttir.*

Lokaniðurstöður 7 keppnissveita sem kepptu fyrir hönd GM:

U21 stúlkur enduðu í 1. sæti.
U21 drengir enduðu í 6. sæti.
U16 stúlkur enduðu í 3. sæti.
U16 drengir enduðu í 5. sæti.
U14 stúlkur enduðu í 3. sæti.
U14 drengir voru með 2 sveitir og sveit 1 endaði í 4. sæti en sveit 2 í 13. sæti.

**12 ára og yngri**

Íslandsmót golfklúbba í flokki 12 ára og yngri fór fram í lok ágúst. Fimm keppnissveitir kepptu á vegum GM sem var mestur fjöldi sveita af öllum golfklúbbum landsins. Markmið mótsins er að skapa liðsheild og stemmingu á meðal þátttakenda og var gaman að fylgjast með liðsheildinni og samheldninni hjá okkar ungu iðkendum. Keppt var í GKG Mýri, GK Sveinskotsvelli og GR Landið á 3 keppnisdögum.

Grillveisla var haldin daginn fyrir mót en liðsheildin var því mjög góð á meðan móti stóð. Mikla takta var að sjá hjá þessum ungu kylfingum og er ljóst að framtíðin er björt hjá Golfklúbbi Mosfellsbæjar.



Keppt var í 6 deildum og átti GM sveitir í öllum deildum nema einni og var árangur GM þessi:

1. sæti í bláu deildinni
2. sæti í grænu deildinni
3. sæti í hvítu deildinni
4. sæti í gráu og rauðu deildinni











# Öldungaflokkar

**Karlar 50 ára og eldri**



*Karlasveit GM 50 ára og eldri | 3. sæti á Íslandsmóti golfklúbba í 2. deild 2023*

Lið GM skipuðu:

Hjalti Pálmason
Arnar Sigurbjörnsson
Ingvar Haraldur Ágústsson
Árni Brynjólfsson
Kári Tryggvason
Axel Þór Rudolfsson
Victor Viktorsson
Jónas Heiðar Baldursson
Halldór Friðgeir Ólafsson
Ásbjörn Björgvinsson (Liðsstjóri)

Karlasveit GM 50 ára og eldri lék í 2. deild sem fram fór í Sandgerði. Strákarnir stóðu sig vel og voru í harðri baráttu um að komast upp í efstu deild. Leikurinn um þriðja sætið á móti Golfklúbbi Húsavíkur féll okkar megin og var niðurstaðan 3. sætið í ár. Flott frammistaða hjá liði GM sem styrkist á hverju ári.

**Konur 50 ára og eldri**



*Kvennasveit GM 50 ára og eldri | 4. sæti á Íslandsmóti golfklúbba 2023*

Lið GM skipuðu:

Steinunn Þorkelsdóttir
Edda Herbertsdóttir
Írunn Ketilsdóttir
Rut Marsibil Héðinsdóttir
Agnes Ingadóttir
Karólína Margrét Jónsdóttir
Sigríður María Torfadóttir
Guðný Helgadóttir
Auður Ósk Þórisdóttir
Andrea Jónsdóttir (Liðsstjóri)

Íslandsmót golfklúbba í flokki 50 ára fór fram í lok ágúst. Kvennalið GM lék í efstu deild sem fram fór á Hellu. Okkar konur stóðu sig vel og luku leik í 4. sæti eftir hörkuleik um þriðja sætið við GKG sem endaði í bráðabana upp á bronsið.

**Sveitakeppni 65 ára og eldri**



*Karlasveit GM 65+ 2023*

Íslandsmót golfklúbba 65+ hjá körlunum fór fram í Öndverðarnesi í sumar og var lið GM skipað eftirfarandi:

Ásbjörn Björgvinsson
Jón Haukur Jensson
Hákon Gunnarsson
Kjartan Ólafsson
Gunnar Albert Traustason
Páll Ásmundsson
Jakob Ragnarsson
Ingi K. Magnússon
Kristinn Karlsson
Ásbjörn Björgvinsson (Liðsstjóri)

Karlasveitin stóð sig vel en þeir enduðu í 6. sæti í mótinu.




*Kvennasveit GM 65+ 2023*

Íslandsmót golfklúbba 65+ hjá konunum fór fram í Korpúlfsstöðum í sumar og var lið GM skipað eftirfarandi:

Rut Marsibil
Dagný Þórólfsdóttir (Spilandi liðsstjóri)
Laila Ingvarsdóttir
Rósa Gestsdóttir
Ingveldur Bragadóttir
Guðrún Á. Jónsdóttir
Þuríður Pétursdóttir
Hrefna Harðadóttir

Kvennasveit GM lék frábært golf og skiluðu þær 3. sæti sem er frábær árangur.

# Global Junior | Icelandic Junior Midnight Challenge

Icelandic Junior Midnight Challenge mótið á Global Junior mótaröðinni fór fram á Hlíðavelli annað árið í röð. Mótið er hluti af Global Junior Golf sem hefur farið fram víðsvegar um Evrópu á undanförnum árum. Leikið var mánudag, þriðjudag og miðvikudag í þremur aldursflokkum; U14, U18 og U23.

Afrekskylfingar úr GM stóðu sig mjög vel og sigruðu Eva Kristinsdóttir og Pamela Ósk Hjaltadóttir í sínum aldursflokkum.




*Eva Kristinsdóttir sigraði í flokki 18 ára og yngri*




*Pamela Ósk Hjaltadóttir sigraði í flokki 14 ára og yngri*

# Evrópumót golfklúbba



*Kvennalið GM á Evrópumóti golfklúbba í Búlgaríu*

Eftir sigur kvennasveitar GM á Íslandsmóti golfklúbba fékk golfklúbburinn þátttökurétt á Evrópumóti golfklúbba sem fór fram 5. - 7. október á Pravets golfvellinum í Búlgaríu. Þetta er í annað árið í röð sem GM leikur í mótinu.

Golfklúbbur Mosfellsbæjar sendi 3 fulltrúa og voru það Berglind Erla Baldursdóttir, Eva Kristinsdóttir og Sara Kristinsdóttir. Katrín Dögg Hilmarsdóttir þjálfari fór með sem fararstjóri og liðsstjóri.

Leikfyrirkomulag var þriggja daga höggleikur og voru 2 bestu skorin af 3 sem gildu hvern daginn.

Lið Golfklúbbs Mosfellsbæjar endaði í 9. sæti af 16 liðum á 37 höggum yfir pari en voru aðstæður erfiðar og golfvöllurinn langur.

Í einstaklingskeppninni var Eva Kristinsdóttir best í okkar liði en hún endaði á +17 (82-74-77) í 17. sæti. Sara Kristinsdóttir lék á +20 (80-78-78) og endaði í 21. sæti. Berglind Erla Baldursdóttir lék á +37 (84-84-85) og endaði í 34. sæti.



*Karlalið GM á Evrópumóti golfklúbba í Búlgaríu*

Íslandsmeistaralið Golfklúbbs Mosfellsbæjar tók þátt í Evrópumóti Golfklúbba sem fór fram á Troia golfvellinum í Portúgal 26. - 28. október. Kristján Þór Einarsson, Íslandsmeistari í golfi 2022, Ingi Þór Ólafson og Kristófer Karl Karlsson skipuðu lið GM og Andri Ágústsson var liðsstjóri.

Keppnisfyrirkomulagið var höggleikur þar sem að tvö bestu skorin af alls þremur hjá hverju liði töldu.

Lið GM endaði í 12. sæti af 21 liði á 30 höggum yfir pari í liðakeppninni en krefjandi aðstæður og golfvöllur gerði kylfingum erfitt fyrir í móti þar sem skorið var almennt hátt.

Ingi Þór Ólafson lék á +17 samtals (78-83-72) og var í 25. sæti í einstaklingskeppninni.
Kristján Þór Einarsson lék einnig á +17 (72-83-78) og var í 25. sæti. Kristófer Karl Karlsson lék á +25 (78-79-84) og endaði hann í 41. sæti.

# Landsliðsmál

Á haustmánuðum var nú valið landsliðshópur GSÍ fyrir keppnisárið 2024. GM á nú 9 kylfinga samtals af þeim 38 sem eru í landsliðshóp GSÍ eða tæplega um fjórðung hópsins.

Eftirfarandi kylfingar frá GM eru í landsliðshóp GSÍ fyrir árið 2024:

**Karlalandslið**
Hjalti Kristján Hjaltason
Ingi Þór Ólafson
Kristján Þór Einarsson
Kristófer Karl Karlsson

**Kvennalandslið**
Auður Bergrún Snorradóttir
Berglind Erla Baldursdóttir
Eva Kristinsdóttir
Pamela Ósk Hjaltadóttir

Sara Kristinsdóttir





**Evópumót liða í karlaflokki 2023**

Kristján Þór Einarsson og Kristófer Karl Karlsson voru hluti af 6 manna liði Íslands sem lék á EM Karla á Green Resort Hrubá Borša vellinum í Slóvakíu 12.-15. júlí.

Lið Íslands skipuðu:

- Birgir Björn Magnússon, GK
- Dagbjartur Sigurbrandsson, GR
- Hlynur Bergsson, GKG
- Kristján Þór Einarsson, GM
- Kristófer Karl Karlsson, GM
- Kristófer Orri Þórðarson, GKG

Liðsstjóri: Þorsteinn Hallgrímsson GM



*Karlalandslið Íslands 2023 skipað af 2 kylfingum úr GM*

Leikinn var tveggja daga höggleikur og þriggja daga holukeppni í mótinu. Kristján Þór lék á -3 í höggleiknum (66-75) og endaði jafn í 23. sæti af einstaklingum. Kristófer Karl lék á +5 (73-76) og endaði jafn í 51. sæti. Íslenska liðið endaði í 6. sæti af 9 liðum í höggleiknum.
Eftir holukeppnina var lokaniðurstaða liðsins 9. sæti.

**Evópumót liða í stúlknaflokki 2023**

Evópumót stúlkna fór fram á Hossegor vellinum í Frakklandi. Við hjá GM áttum 4 stúlkur í liðinu.

Lið Íslands skipuðu:

- Berglind Erla Baldursdóttir GM
- Eva Kristinsdóttir GM
- Fjóla Margrét Viðarsdóttir GS
- Helga Signý Pálsdóttir GR
- Pamela Ósk Hjaltadóttir GM
- Sara Kristinsdóttir GM

Liðsstjóri: Dagur Ebenezersson GM




*Stúlknalandslið Íslands 2023 skipað af 4 stúlkum úr GM*

Leikinn var tveggja daga höggleikur og þriggja daga holukeppni í mótinu. Í höggleiknum endaði lið Íslands í 16. sæti af 16 liðum. Af íslensku stelpunum lék Pamela Ósk best í höggleiknum en hún endaði jöfn í 71. sæti á +12 (77-77). Sara var á +13 (81-74) og jöfn í 79. sæti. Berglind Erla endaði á +19 (81-80) í 88. sæti. Eva var á +22 (86-78) í 89. sæti. Eftir flotta holukeppnisleiki og sigur á móti Póllandi var lokaniðurstaða íslenska landsliðsins 14. sæti.

**HM stúlkna 2023**

Pamela Ósk Hjaltadóttir landsliðsstúlka úr Golfklúbbi Mosfellsbæ var valin í þriggja manna stúlknalið Íslands til að leika á heimsmeistaramótinu sem fór fram í Brampton vellinum í Kanada 4. - 7. október. Þetta er í fyrsta sinn sem íslensku liði er boðið að taka þátt á þessu móti.

Lið Íslands skipuðu:

- Helga Signý Pálsdóttir GR
- Pamela Ósk Hjaltadóttir GM
- Perla Sól Sigurbrandsdóttir GR

Liðsstjóri: Ólafur Björn Loftsson



*Stúlknalandslið íslands á HM í fyrsta sinn*

Leiknar voru 72 holur og gildu tvö bestu skorin á hverjum hring í hverju liði í liðakeppninni en einnig var haldið utanum einstaklingsskor í mótinu. Brampton golfvöllurinn var langur, karginn þykkur og flatirnar hraðar sem gerði erfitt fyrir bestu kylfingum heims í mótinu.

Íslenska liðið endaði í 20. sæti á 47 höggum yfir pari.

Pamela Ósk lék hringina fjóra á 41 höggi yfir pari (85-76-86-78) og endaði í 63. sæti.

**Evrópumót liða 50+ karla 2023**

Hjalti Pálmason úr GM var í liði Íslands 50+ sem keppti í Evrópumóti liða. Keppt var á Royal Golf Club Mariánské Lázně vellinum í Tékklandi.




*Karlalið Íslands á EM liða 50+*

Hjalti lék best Íslendinganna í höggleiknum en hann var á 75-70 eða á 1 höggi yfir pari samtals (10. sæti í einstaklingskeppninni). Eftir það var leikin holukeppni en í fyrsta leik lék lið Íslands við Belga og töpuðu 3-2 og tapaði Hjalti sínum leik 3/2. Í öðrum leik vann lið Íslands heimamennina frá Tékklandi 4-1 og sigraði Hjalti sinn leik 1/0. Lokaleikurinn var svo við Hollendinga og hafði íslenska liðið betur í 3-2 sigri og vann Hjalti sinn leik 4/3.

Lokaniðurstaða Íslenska liðsins var 13. sæti af 23 liðum.

# Nordic League

Ingi Þór Ólafson og Kristófer Karl Karlsson reyndu fyrir sér í úrtökumótum fyrir Ecco mótaröðina eða Nordic League sem fóru fram yfir tvær helgar í Svíþjóð og Danmörku.

Fyrsta stigið fór fram á Greve golfvellinum í Danmörku og komust 26 efstu áfram á lokastig úrtökumótsins sem fram fer dagana 11.-12. október. Ingi (75-71) og Kristófer (74-72) léku hringina samtals á +2 og enduðu í 8-10. sæti og komust því örugglega í gegn.

Lokastigið fór fram á Rya golfvellinum í Svíþjóð 11.-12. október og var mjög hvasst seinni daginn og skorin eftir því. Ingi Þór Ólafson lék hringina tvo á 69 og 74 höggum og samtals +3 í 8. sæti. Kristófer Karl Karlsson lék hringina tvo á 74 og 70 höggum eða +4 í 11. sæti. Efstu 31 kylfingarnir öðluðust Category 7 þátttökurétt á Nordic mótaröðinni fyrir næsta tímabil og var því árangur okkar kylfinga vel innan marka fyrir þátttökuréttinn. Kristófer og Ingi voru meðal þriggja kylfinga úr öðrum klúbbum sem kepptu á lokastiginu en voru þeir einu sem fengu fullan þátttökurétt.



# Háskólamál

Sverrir Haraldsson er að klára lokaárið sitt í Appalachian State University í Norður-Karólínu en hann stefnir á útskrift 11. maí 2024.



Kristín Sól Guðmundsdóttir er í Roger State University í Oklahoma og er á þriðja ári af fjórum.



María Eir Guðjónsdóttir hóf nám við Jacksonville University í Flórída núna í haust.



Katrín Sól Davíðsdóttir er í University of Texas Permian Basin og hóf einnig nám núna í haust.



Viðhorfskönnun GM félaga.

## Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum á HLÍÐAVELLI einkunn, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 349    Skipped: 11




| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gæði teiga | 2.59% 9 | 9.80% 34 | 33.14% 115 | 39.19% 136 | 9.22% 32 | 6.05% 21 | 347 | 3.45 |
| Gæði brauta | 0.57% 2 | 1.43% 5 | 17.19% 60 | 63.04% 220 | 11.46% 40 | 6.30% 22 | 349 | 3.89 |
| Gæði flata | 0.58% 2 | 4.90% 17 | 17.87% 62 | 55.04% 191 | 15.56% 54 | 6.05% 21 | 347 | 3.85 |
| Leikhraði | 4.32% 15 | 10.95% 38 | 29.11% 101 | 38.90% 135 | 10.09% 35 | 6.63% 23 | 347 | 3.42 |
| Frágangur / stígar / merkingar / umhverfi | 4.58% 16 | 11.75% 41 | 22.92% 80 | 39.54% 138 | 15.76% 55 | 5.44% 19 | 349 | 3.53 |
| Vallareftirlit | 10.69% 37 | 15.32% 53 | 28.61% 99 | 24.57% 85 | 9.54% 33 | 11.27% 39 | 346 | 3.08 |

## Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum um ÆFINGASVÆÐI Hlíðavallar einkunn, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 348    Skipped: 12




| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Efri púttflöt (við 1. teig) | 1.15%<br>4 | 6.90%<br>24 | 23.85%<br>83 | 38.51%<br>134 | 12.36%<br>43 | 17.24%<br>60 | 348 | 3.65 |
| Neðri pútt / vippflöt (við æfingasvæði) | 0.86%<br>3 | 3.46%<br>12 | 18.73%<br>65 | 43.23%<br>150 | 14.12%<br>49 | 19.60%<br>68 | 347 | 3.82 |
| Æfingasvæðið (Sláttur) | 2.01%<br>7 | 5.17%<br>18 | 20.11%<br>70 | 40.23%<br>140 | 17.82%<br>62 | 14.66%<br>51 | 348 | 3.78 |
| Pitch flöt (við vélaskemmu) | 1.16%<br>4 | 3.48%<br>12 | 12.46%<br>43 | 18.26%<br>63 | 5.80%<br>20 | 58.84%<br>203 | 345 | 3.58 |

## Hversu mikilvægt finnst þér að æfingaboltar séu innifaldir í árgjaldinu?

Answered: 354    Skipped: 6




| ANSWER CHOICES | | RESPONSES | |
|---|---|---|---|
| alls ekki mikilvægt | | 7.06% | 25 |
| hvorki né | | 11.02% | 39 |
| mikilvægt | | 80.51% | 285 |
| Hef ekki skoðun / vil ekki svara | Responses | 1.41% | 5 |
| TOTAL | | | 354 |

## Vinsamlegast gefðu eftirfarandi þáttum í BAKKAKOTI einkunn, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 357    Skipped: 3




| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gæði teiga | 7.87%<br>28 | 27.25%<br>97 | 32.58%<br>116 | 14.89%<br>53 | 3.37%<br>12 | 14.04%<br>50 | 356 | 2.75 |
| Gæði brauta | 1.41%<br>5 | 5.07%<br>18 | 34.65%<br>123 | 40.56%<br>144 | 4.79%<br>17 | 13.52%<br>48 | 355 | 3.49 |
| Gæði flata | 2.53%<br>9 | 8.43%<br>30 | 32.87%<br>117 | 34.27%<br>122 | 8.43%<br>30 | 13.48%<br>48 | 356 | 3.44 |
| Leikhraði | 12.96%<br>46 | 18.31%<br>65 | 25.35%<br>90 | 21.97%<br>78 | 5.63%<br>20 | 15.77%<br>56 | 355 | 2.87 |
| Frágangur / stígar / merkingar / umhverfi | 3.93%<br>14 | 10.39%<br>37 | 35.11%<br>125 | 28.93%<br>103 | 6.18%<br>22 | 15.45%<br>55 | 356 | 3.27 |
| Æfingaflatir við skála | 3.94%<br>14 | 13.52%<br>48 | 23.38%<br>83 | 19.15%<br>68 | 3.38%<br>12 | 36.62%<br>130 | 355 | 3.07 |
| Vallareftirlit | 18.13%<br>64 | 16.71%<br>59 | 20.11%<br>71 | 11.90%<br>42 | 5.67%<br>20 | 27.48%<br>97 | 353 | 2.59 |

## Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í ÞJÓNUSTU STARFSMANNA GM í afgreiðslu í KLETTI, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 356    Skipped: 4




| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Viðmót starfsmanna í verslun | 1.12%<br>4 | 1.69%<br>6 | 5.62%<br>20 | 32.58%<br>116 | 52.53%<br>187 | 6.46%<br>23 | 356 | 4.43 |
| Þjónusta í verslun | 0.84%<br>3 | 1.97%<br>7 | 8.71%<br>31 | 35.67%<br>127 | 46.07%<br>164 | 6.74%<br>24 | 356 | 4.33 |
| Afgreiðsluhraði | 0.56%<br>2 | 3.38%<br>12 | 10.70%<br>38 | 40.85%<br>145 | 36.34%<br>129 | 8.17%<br>29 | 355 | 4.19 |
| Símsvörun í verslun | 1.69%<br>6 | 3.39%<br>12 | 10.17%<br>36 | 22.03%<br>78 | 24.01%<br>85 | 38.70%<br>137 | 354 | 4.03 |
| Vöruúrval í verslun | 1.97%<br>7 | 6.76%<br>24 | 22.25%<br>79 | 36.34%<br>129 | 12.39%<br>44 | 20.28%<br>72 | 355 | 3.63 |
| Snyrtimennska í verslun | 0.56%<br>2 | 0.85%<br>3 | 4.51%<br>16 | 32.11%<br>114 | 54.65%<br>194 | 7.32%<br>26 | 355 | 4.50 |

## Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í starfsemi BLIK Bistro. 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn

Answered: 357    Skipped: 3




| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hvernig er maturinn hjá BLIK? | 1.97%<br>7 | 4.21%<br>15 | 15.73%<br>56 | 42.13%<br>150 | 25.84%<br>92 | 10.11%<br>36 | 356 | 3.95 |
| Hvernig finnst ykkur matseðillinn hjá BLIK? | 2.25%<br>8 | 5.62%<br>20 | 22.47%<br>80 | 42.98%<br>153 | 16.01%<br>57 | 10.67%<br>38 | 356 | 3.73 |
| Hvernig er þjónustan í sal hjá BLIK? | 1.69%<br>6 | 4.78%<br>17 | 12.08%<br>43 | 45.51%<br>162 | 25.84%<br>92 | 10.11%<br>36 | 356 | 3.99 |
| Hvernig er afgreiðsluhraðinn hjá BLIK? | 3.65%<br>13 | 6.46%<br>23 | 23.31%<br>83 | 40.17%<br>143 | 17.13%<br>61 | 9.27%<br>33 | 356 | 3.67 |
| Hve snyrtilegur er salurinn hjá BLIK? | 0.56%<br>2 | 1.40%<br>5 | 6.16%<br>22 | 38.10%<br>136 | 46.78%<br>167 | 7.00%<br>25 | 357 | 4.39 |
| Hvernig er viðmót starfsfólks BLIK? | 1.69%<br>6 | 2.25%<br>8 | 6.46%<br>23 | 40.73%<br>145 | 41.57%<br>148 | 7.30%<br>26 | 356 | 4.28 |
| Hvernig er verðlagningin hjá BLIK? | 8.15%<br>29 | 15.73%<br>56 | 28.93%<br>103 | 30.06%<br>107 | 7.87%<br>28 | 9.27%<br>33 | 356 | 3.15 |
| Hvernig er heildarupplifun þín á BLIK? | 1.96%<br>7 | 4.76%<br>17 | 17.09%<br>61 | 45.38%<br>162 | 23.53%<br>84 | 7.28%<br>26 | 357 | 3.90 |

## Vinsamlegast leggðu mat á eftirfarandi þætti í starfsemi VEITINGASÖLU OG AFGREIÐSLU Í BAKKAKOTI. 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn

Answered: 356    Skipped: 4




| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hvernig er þjónusta starfólks í Bakkakoti? | 2.81%<br>10 | 6.74%<br>24 | 16.57%<br>59 | 25.00%<br>89 | 17.70%<br>63 | 31.18%<br>111 | 356 | 3.70 |
| Hvernig er viðmót starfsfólks í Bakkakoti? | 1.40%<br>5 | 3.65%<br>13 | 15.17%<br>54 | 26.69%<br>95 | 24.44%<br>87 | 28.65%<br>102 | 356 | 3.97 |
| Hvernig er maturinn í Bakkakoti? | 7.30%<br>26 | 10.11%<br>36 | 17.70%<br>63 | 10.11%<br>36 | 3.65%<br>13 | 51.12%<br>182 | 356 | 2.85 |
| Hvernig er verðlagning veitinga í Bakkakoti? | 7.02%<br>25 | 10.39%<br>37 | 19.94%<br>71 | 14.33%<br>51 | 3.37%<br>12 | 44.94%<br>160 | 356 | 2.94 |
| Hvernig er heildarupplifun þín í Bakkakoti? | 1.69%<br>6 | 6.74%<br>24 | 22.19%<br>79 | 30.62%<br>109 | 12.36%<br>44 | 26.40%<br>94 | 356 | 3.61 |

## Vinsamlegast gefðu eftirfarandi atriðum varðandi mótahald GM einkunn, þar sem 1 er lægsta einkunn og 5 er hæsta einkunn.

Answered: 354    Skipped: 6




| | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi opinna móta (yfirleitt helgar) | 7.67%<br>27 | 8.24%<br>29 | 26.99%<br>95 | 13.07%<br>46 | 4.55%<br>16 | 39.49%<br>139 | 352 | 2.98 |
| Fjöldi fyrirtækjamóta (yfirleitt á virkum dögum) | 11.86%<br>42 | 12.71%<br>45 | 24.01%<br>85 | 8.19%<br>29 | 3.67%<br>13 | 39.55%<br>140 | 354 | 2.65 |
| Undirbúningur og framkvæmd móta hjá GM | 0.56%<br>2 | 4.52%<br>16 | 10.73%<br>38 | 23.16%<br>82 | 14.69%<br>52 | 46.33%<br>164 | 354 | 3.87 |
| Almennt viðmót starfsmanna GM á mótum | 0.85%<br>3 | 1.41%<br>5 | 6.50%<br>23 | 22.88%<br>81 | 23.73%<br>84 | 44.63%<br>158 | 354 | 4.21 |

## Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með afreks-, barna- og unglingastarf GM?

Answered: 356 Skipped: 4




| | MJÖG ÓÁNÆGÐ(UR) | FREKAR ÓÁNÆGÐ(UR) | HVORKI NÉ | FREKAR ÁNÆGÐ(UR) | MJÖG ÁNÆGÐ(UR) | VEIT EKKI / VIL EKKI SVARA | TOTAL | WEIGH AVERA |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Afreksstarf | 1.70% 6 | 0.57% 2 | 6.52% 23 | 11.61% 41 | 19.83% 70 | 59.77% 211 | 353 | |
| Barna- og unglingastarf | 1.70% 6 | 1.42% 5 | 3.98% 14 | 11.93% 42 | 21.31% 75 | 59.66% 210 | 352 | |
| Sumarnámskeið Barna | 1.13% 4 | 0.85% 3 | 5.07% 18 | 7.61% 27 | 16.06% 57 | 69.30% 246 | 355 | |

## Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með inniaðstöðu GM á Hlíðavelli?

Answered: 357 Skipped: 3




| | MJÖG ÓÁNÆGÐ(UR) | FREKAR ÓÁNÆGÐ(UR) | HVORKI NÉ | FREKAR ÁNÆGÐ(UR) | MJÖG ÁNÆGÐ(UR) | HEF EKKI SKOÐUN / VIL EKKI SVARA / HEF EKKI NOTAÐ | TOTAL | WEIGHTED AVERAGE |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Almennt var ég | 1.68%<br>6 | 3.64%<br>13 | 11.20%<br>40 | 40.34%<br>144 | 20.73%<br>74 | 22.41%<br>80 | 357 | 3.96 |

# Lokaorð

Nú er skemmtilegu ári að ljúka hjá okkur í GM. Við höfum haldið áfram með þá miklu uppbyggingu sem við fórum af stað með í byrjun árs 2020 og vonum svo sannarlega að þið séuð ánægð með þá vinnu. Við höfum í gegnum árin verið með reglulega skoðanakannanir og þar fáum við mikið af góðum hugmyndum/tillögum frá ykkur sem við kunnum virkilega vel að meta. Við erum hérna fyrir ykkur og við viljum að þið séuð ánægð og stolt af því að vera félagar í Golfklúbbi Mosfellsbæjar. Golfsamband Íslands gerir skoðanakannarnir á tveggja ára fresti og var ein slík gerð núna í sumar. Við erum virkilega ánægð með þær niðurstöður sem þar komu fram. Þær sýna það að þið eruð heilt yfir mjög ánægð með ykkar golfklúbb og þetta hvetur okkur áfram til góðra verka. Þessar niðurstöður eru einnig í takt við þær niðurstöður sem við fengum úr okkar árlegu skoðanakönnun sem við gerðum núna haustmánuðum. En þær niðurstöður má sjá hér framar í skýrslunni.

Eftir erfitt vor þá skartaði Hlíðavöllur sínu fegursta í sumar og var virkilega ánægjulegt að heyra fjölmarga félagsmenn tala vel um gott ástand og hvað það væri ánægjulegt að sjá áframhaldandi framfarirnar á gæðum vallarins. Það var einnig mikil jákvæðni með Bakkakot sem hefur sennilega aldrei verið í jafn góðu ástandi og það var í sumar. Það er okkar markmið að báðum völlum sé gert jafn hátt undir höfði. Við munum halda áfram að leggja mikinn metnað í alla umgjörð í kringum vellina sem og annað starf. Það er markmið GM að vera ávallt í fremstu röð golfklúbba á Íslandi.

Þó svo að tap sé á þessu rekstrarári hefur hagnaður undanfarin ár gert það að verkum að við getum fjárfest í innviðum án þess að bæta mikið við skuldir klúbbsins. Staða GM er sterk og rekstrargrundvöllur er virkilega góður. Við horfum björtum augum fram veginn og erum full tilhlökkunar, því framtíð GM er sannarlega björt.

Stjórn GM vill sérstaklega þakka öllum þeim sjálfboðaliðum fyrir þeirra framlag sem er gríðalega mikilvægt. Einnig viljum við þakka þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem styrkja okkar góða starf, kærlega fyrir samstarfið.

Ég vil svo þakka stjórn fyrir ánægjulegt og gott samstarf.

Að lokum viljum við svo þakka okkar starfsfólki fyrir einstaklega gott samstarf á á árinu.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbs Mosfellsbæjar.

Kári Tryggvason, formaður.

Golfklúbbur Mosfellsbæjar
Æðarhöfða 36 - 270 Mosfellsbær
566 6999
golfmos@golfmos.is
golfmos.is